



Þriðjungsaukning í inn- og útflutningi á öðrum ársfjórðungi


Útflutningur vöru og þjónustu nam 287,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi og jókst um 68,9 ma.kr., eða 31,5%, miðað við sama tímabil í fyrra. Innflutningur vöru og þjónustu nam 317,7 mö.kr. og jókst einnig verulega mikið - um 82,2 ma.kr., eða 34,9%. Halli af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 30,5 mö.kr. og jókst um 13,3 ma.kr. sem er tæplega 80% aukning frá sama tímabili í fyrra.

Þetta er mesti halli af vöru- og þjónustuviðskiptum á einum ársfjórðungi síðan á fyrsta ársfjórðungi 2008. Aukinn halli á vöru- og þjónustuviðskiptum borið saman við sama tímabil í fyrra skýrist fyrst og fremst af mikilli aukningu í vöruinnflutningi. Hann nam 239,6 mö.kr. og jókst um 70,2 ma.kr., eða 41,5%. Innflutningur þjónustu jókst einnig milli ára en þó mun minna. Innflutningur þjónustu nam 78,1 mö.kr. og jókst um 11,9 ma.kr., eða 18,1%. Það sem vann á móti auknum halla á vöru- og þjónustuviðskiptum var að aukning varð á bæði þjónustuútflutningi og vöruútflutningi. Útflutt þjónusta nam 103,3 mö.kr. og jókst um 34,8 ma.kr., eða 50,7%. Vöruútflutningur nam 183,8 mö.kr. og jókst um 34,1 ma.kr., eða 22,8%. Allar breytingar í inn- og útflutningi á fjórðungnum, borið saman við sama fjórðung í fyrra, litast af breytingu í gengi krónunnar en gengisvísitala krónunnar var 4,9% sterkari á fjórðungnum en á sama fjórðungi í fyrra.

Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu þrefaldaðist milli ára


Aukinn útflutningur þjónustu má að bróðurparti rekja til aukins útflutnings í ferðaþjónustu. Aukningur þjónustuútflutnings á öðrum fjórðungi nam 34,8 mö.kr. og má rekja stóran hluta, eða 18,8 ma.kr., til aukins útflutnings ferðaþjónustu. Útflutningur annarrar þjónustu nam því 17,2 mö.kr. Þá aukningu má fyrst og fremst rekja til aukinnar viðskiptaþjónustu og aukins útflutnings samgangna án ferðaþjónustu. Útflutningur ferðaþjónustu nam 30,1 ma.kr. borið saman við 11,3 ma.kr. í fyrra og tæplega þrefaldaðist því milli ára. Þetta er í fyrsta sinn síðan á fjórða ársfjórðungi 2018 að aukning mælist í útflutningi ferðaþjónustu milli ára. Þessa

Inn- og útflutningur vöru og þjónustu og afgangur á F2



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting í inn- og útflutningi vöru og þjónustu og afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum



Breyting frá sama tímabili árið áður

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



aukningu má alfarið rekja til aukinna ferðalaga erlendra ferðamanna hingað til lands. Útflutningur vegna aukinna ferðalaga jókst um 19,3 ma.kr. en útflutningur vegna farþegaflutninga dróst saman um 0,5 ma.kr. Brottfarir erlendra ferðamanna á öðrum fjórðungi í ár voru tæplega 63 þúsund borið saman við tæplega 8 þúsund á sama tímabili í fyrra. Útflutningur ferðalaga tæplega fjórfaldaðist milli ára og fór úr 6,8 mö.kr. í fyrra í 26,2 ma.kr. í ár.

Þjónustuinnflutningur jókst um 18,1%


Verðmæti innfluttrar þjónustu nam 78,1 ma.kr. á fyrsta fjórðungi borið saman við 66,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur því 11,9 mö.kr., eða 18,1%. Þessi aukning skýrist að töluverðu leyti af auknum ferðalögum Íslendinga en innflutningur vegna ferðalaga og farþegaflutninga, þ.e. kaup Íslendinga á þjónustu erlendra flugfélaga, nam 16,5 mö.kr. á öðrum fjórðungi. Á sama fjórðungi í fyrra nam þessi upphæð 9,7 mö.kr. og jókst því um 6,7 ma.kr., eða 69%, milli ára. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu tæplega 21 þúsund á öðrum fjórðungi borið saman við 6,5 þúsund á sama tímabili í fyrra. Fjöldinn rúmlega þrefaldaðist milli ára.

Ferðaðþjónustujöfnuður, þ.e. mismunur á útflutningi og innflutningi ferðalaga og farþegaflutninga, var jákvæður um 27,5 ma.kr. á öðrum fjórðungi en á sama tímabili í fyrra var hann jákvæður um 8,8 ma.kr. Afgangurinn jókst því um 18,7 ma.kr. milli ára.

Mikil aukning í útflutningsverðmæti vara


Vöruútflutningur nam 183,8 mö.kr. og jókst um 34,1 ma.kr., eða 22,8%. Þessa aukningu má rekja almennt til meiri útflutnings á flestum sviðum. Þannig varð veruleg aukning í útflutningsverðmæti í stóriðju, sjávarútvegi og öðrum útflutningi. Útflutningsverðmæti álafurða nam 59,4 mö.kr. og jókst um 8,3 ma.kr., eða 16%. Þá aukningu má síðan nær eingöngu rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði áls. Verðið var að meðaltali um 2.400 Bandaríkjadóllarar tonnið á öðrum fjórðungi borið saman við rúmlega 1.700 dollara á sama tímabili í fyrra. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 82,5 mö.kr. á öðrum fjórðungi borið saman við 64,5 ma.kr. á sama fjórðungi í fyrra. Aukningin nemur 18 mö.kr., eða 28%. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af loðnuverðtíðinni á fyrstu

Breyting í útflutningi ferðaðþjónustu




Breyting á útflutningi á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Hagstofa Íslands

Ferðaðþjónustujöfnuður



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting í vöruútflutningi og framlag undirliða



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




mánuðum ársins en sú vertíð var sú fyrsta síðan árið 2018. Útflutningsverðmæti loðnu var 16,1 ma.kr. borið saman við 2,4 ma.kr. á sama tímabili í fyrra.

Vöruinnflutningur jókst um 41,5%

Vöruinnflutningur nam 239,6 mö.kr. og jókst um 70,2 ma.kr., eða 41,5%. Mikil aukning innflutnings skýrist helst af því að innflutningur jókst á öllum sviðum og var hvergi að dragast saman. Þannig mældist aukning í innfluttum flutningatækjum, neysluvörum, fjárfestingarvörum, eldsneyti, hrá- og rekstrarvörum og mat og drykkjarvörum.

Breyting í vöruinnflutningi og framlag undirliða



2016				2017				2018				2019				2020				2021	
1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2				

- Innfluttar vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)
- Innfluttar neysluvörur ót.a.
- Innflutt flutningatæki
- Innfluttar fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)
- Innflutt eldsneyti og smurolíur
- Innfluttar hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.
- Innfluttar matvörur og drykkjarvörur
- Innflutningur alls

Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.